



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

64. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 26. nóvember 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari og Sævar Reynisson, fulltrúi kennara.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Skólameistari og formaður skólanefndar ræddu um væntanleg skólaslit sem ákveðin eru 19. desember n.k. kl. 14.00 í Íþróttahúsi Keflavíkurbæjar. Próf hefjast um næstu mánaðarmót, og þeim mun ljúka 15. desember næstkomandi. Brautskráðir nemendur verða væntanlega 25-30, þar af a.m.k. 9 stúdentar. Ráðgert er að kór Tónlistarskóla Njarðvíkur syngi við athöfnina og kynningu hafi kennari með höndum. Skólaslitum hefur til þessa verið skipt á sveitarfélögin, en nú er talið heppilegra að þau fari fram í Keflavík í desembermánuði, en skólaslit að vori og skólasetning að hausti gætu dreifst á fleiri staði á námssvæði skólans.

2. Skólameistari ræddi undirbúning vorannar. Gat hann þess að rafiðnabraut væri tekin til starfa og þyrfti aukið húsrými; verkleg kennsla á hársnyrtibraut yrði lögð niður á næstu önn og rafiðnabrautin færð í húsrými hennar að Iðavöllum. Skólameistari skýrði frá viðræðum sínum við flugmálastjórn, samgöngu og menntamálaráðuneyti varðandi fjármál flugliðabrautar. Útlit er nú fyrir að ráðuneytið fáiist loksins til þess að taka þátt í aksturskostnaði sem skólinn hefur haft af þessari starfsemi frá og með árinu 1979 og greiði sama hlutfall og af öðrum rekstri skólans, enda væri það skilyrði af hálfu skólans ætti brautin að vera starfrækt áfram. Vitnaði hann í bréf til flugmálastjóra, dagsett 20. október s.l. þar sem þetta er tekið fram. Ingvar Jóhannsson taldi nýðsynlegt að gerður verði samningur við ríkisvaldið um þessi mál, og var skólameistara falið að gera drög að honum. Skólanefndin samþykkti áframhaldandi rekstur flugliðabrautar fáið áður nefndur kostnaður greiddur og trygging fyrir samsvarandi greiðslu á árinu 1982.

3. Gunnar Sveinsson greindi frá skýrslu um starfsemi skólans er hann flutti á aðalfundi SSS í Grindavík fyrir skömmu, og gat hann þess að mikill velvilji í garð skólans hafi ríkt á fundinum.
4. Ritari fundarins, Valtýr Guðjónsson, gaf yfirlit um fjármál skólans pr. 1.11.- Bókaður stofnkostnaður er þá orðinn kr. 2.411.000. Áætlun ársins var kr. 2.283.000, og kostnaður því kominn fram úr því sem fyrirhugað var. Var þess vegna talið nauðsynlegt að vekja á ný athygli fjárveitingavaldsins á aukinni fjárförf skólans sem m.a. stafar af þeirri ákvörðun að ljúka breytingum og endurbótum á húsnæði skólans á Iðavöllum og vélakaupum á þessu ári.
5. Sævar Reynisson rakti launadeilu kennar í öldungadeild og taldi óvænlega horfa þar sem kennaralaun hefðu verið lækkuð verulega með samningum H.Í.K. við fjármálaráðuneytið í nóvembermánuði. Leitaði hann eftir fulltingi skólanefndar um leiðréttingu þar sem kennarar vildu ekki setta sig við eða vilja starfa við öldungadeildir að öðrum kosti. Einnig spurði hann um hvort skólinn ráðgerði kaup á örtölvum á næstunni - og hvort "básar" í kennarstofu yrðu ekki settir upp. Mál þessi verða rædd síðar í skólanefndinni.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

Lausleg kostnaðaráætlun fyrir 40m x 15m = 600m
stálgrindarhúsi fyrir vélstjórnar og rafiðnaðarbraut
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1.	Steypumót 432m ² @ 210,-	kr. 90.720,-
2.	Steypustyrktarjárn 1050kg. @ 8,40	- 8.820,-
3.	Steypa 37.5m ³ @ 996,-	- 37.350,-
4.	Fylling þjöppun útiting 1230m ³ @ 52,-	- 63.960,-
5.	Reisning og klæðning	- 115.500,-
6.	Gönguhurðir 4stk. @ 6.000,-	- 24.000,-
7.	Gluggar + gler 50m ² @ 1.851,-	- 92.550,-
8.	Rennihurða uppsetning 2stk. 4.500,-	- 9.000,-
9.	Uppúrtekt	- 14.250,-
10.	Gröftur fyrir skolpi, vatni og rafmagni	- 6.500,-
11.	Undirstöður fyrir vélar 3stk. @ 4.000,-	- 12.000,-
12.	Hús 600m ²	- 350.000,-
13.	Gólfsteypa og slípun	- 90.000,-
14.	Söluskattur ca	- 100.000,-
15.	Hurðir + skilrúm ca	- 100.000,-
16.	Klæðning á útveggi með einangrun og loftklæðning me " 1040m ²	- 146.640,-
17.	Málning á allt húsið + dúkar + listar	- 150.000,-
18.	Klæða af súlur	- 25.000,-
19.	Rafmagn, hitalögn, pípulögn ásamt hreinlætis- tækjum ca 25% af 1.436 eða	- 359.000,-
20.	Hækkun byggingavísitölu ca	- 204.710,-
		kr. 2.000.000,-

Vélfraði

1.	Tvígengisvél. Er til. Uppsetning efni og vinna.	kr. 50.000.-
2.	Fjörgengisvél. --"-- -----"	" 50.000.-
3.	Vél fyrir álagskeyrslu. Ekki til. ----"----	" 100.000.-
4.	Álagsbremsa fyrir keyrsluvél. Tækið og uppsetning	" 100.000.-
5.	Þrýsti, hita og afgasmækitæki	" 10.000.-
6.	Diagramsmælir	" 15.000.-
7.	Mælitæki fyrir slit og sveigju	" 4.000.-
8.	Almenn verkfæri	" 5.000.-
9.	Kennslutæki í vökvastýringu	" 100.000.-
10.	Kennslutæki í loftstýritæki (viðbót)	" 20.000.-
11.	Kennslutæki fyrir kælikerfi: bilanagreininig, verk- legar æfingar og lokastillingu	" 100.000.-
12.	Uppbygging hljóðlátari verkefna, verkfæral. ofl. ásamt uppsetningu rafiðnaðarbrautar	" 46.000.-

600.000.-